

Námsvísir yngsta stigs

Veturinn 2024 – 2025

Námsvíðir yngsta stig

Umsjónarkennarar:

Þórdís Þórisdóttir, 1. og 2. bekkur

Heiða Arnþórsdóttir, 3. og 4. bekkur

Aðrir kennarar sem kenna á yngsta stigi eru:

Erna Rafnsdóttir - list- og verkgreinar

Helena Bergström – list- og verkgreinar

Hildur Jónsdóttir-tónmennt ofl.

Katrín Rós Sigvaldadóttir – Lífsleikni

Ólöf Guðmundsdóttir, sérkennsla

Sigurður Þ. Sigurþórsson - sundkennsla

Sólrun -íþróttir

Áherslur og námsmenning

Uppbygging til ábyrgðar, Grænfánaskóli með áherslu á umhverfismennt, teymiskennsla (samvinna), námsaðlögun, fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiðsagnarmat, foreldrasamstarf.

Tómstund

Þemanám

Unnið er með þemu í skólastarfinu, annað hvort allur skólinn, þvert á námsgreinar eða í stærri eða minni hópum innan stigsins. Þemu eru jafnan unnin í stuttum lotum.

Heimanám

Heimalestur 5 sinnum í viku, lestrarátök nokkrum sinnum yfir veturinn. Einstaka önnur heimavinnuverkefni yfir veturinn.

Námsmat

Notast er við fjölbreytt námsmat sem hæfa verkefnum eða námi hverju sinni. Símat, sjálfsmat, hæfni- eða færnimat og leiðsagnarmat. Lagt er upp með að meta alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Námsgreinar

Íslenska

Námsmarkmið

Talað mál, hlustun og áhorf

Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Frá upphafi skólagöngu þarf að leggja áherslu á að þeir æfist í að tjá sig og fái leiðsögn um framsögn og skýran framburð. Gott vald á munnlegri tjáningu í móðurmáli er undirstaða tungumálanáms og nýtist í öllum öðrum námsgreinum. Þjálfunina má greina í two þætti, annars vegar framburðar- og framsagnarþátt og hins vegar frásagnar-, samræðu-, rökræðu- og umræðuþátt. Í upphafi er lögð áhersla á þjáfun í einföldum frásögnum og endursögnum, þátt töku í almennum samræðum og hlutverkaleikjum. Síðar bætist við kennsla um einkenni talmáls og frekari þjáfun í leikrænni tjáningu og rökræðum.

Lestur og bókmenntir

Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis þannig að smám saman fari hann að velja sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Þá er mikilvægt að hann læri og geti beitt aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst.

Ritun

Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, fyrir ólíka hópa lesenda og í mismunandi tilgangi, bæði handskrifad og á stafrænu formi. Við alla textagerð er nauðsynlegt að gæta að þeim tveimur meginþáttum sem að ofan greinir. Gildir þá einu hvort nemandinn er að skrifa bókmenntalegt efni, nytjatexta eða ritgerðir og hugleiðingar. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar. Þeir þurfa

jafnframt að eiga þess kost að umrita og bæta texta sína eftir því sem þurfa þykir og geta nýtt sér ýmis tiltæk hjálpartæki í því skyni.

Námsleiðir / námsefni

Lestur og bókmenntir

Byrjendalæsi, lestur og lesskilningur, upplestur og framsögn, sögur, ævintýri, ljóð og einfaldir fræðitextar, yndislestur, bókaklúbbar.

Ritun

Skrift, bil milli orða, rétt staðsetning stafa á línu. Málsgreinar, punktur, komma, spurningamerki, stór/líttill stafur, hv/kv, tvöfaldur samhljóði, ng/nk, n/nn, i/y, í/ý, einfaldur eða tvöfaldur samhljóði. Sögugerð, upphaf, meginmál, endir, aðalpersónur, aukapersónur, frásögn, ritun fræðitexta, söguvegur, hugtakakort, ljóðagerð.

Framsögn/tjáning

Fullveldishátíð, árshátíð, lestur fyrir framan hóp, kynning á verkefnum, paralestur, rölt og rabbað.

Málfræði

Stafróf, samheiti / andheiti, samsett orð, spurnarorð, nafnorð: sérnöfn, samnöfn, sérhljóði og samhljóði, kyn, tala, fall, greinir, lýsingarorð: stigbreyting, sagnorð: nútíð/pátið.

Námsmat

Notast er við fjölbreytt námsmat sem hæfa verkefnum eða námi hverju sinni. Símat, sjálfsmat, hæfni- eða færnimat og leiðsagnarmat. Lagt er upp með að meta alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Stærðfræði

Námsmarkmið:

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þráa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Stærðfræðikennsla í grunnskóla þarf að stuðla að því að nemendur:

- tileinki sér það viðhorf að það sé gagnlegt að hafa stærðfræði á valdi sínu og með ástundun geti þeir náð tökum á henni,
- öðlist hæfni í að setja fram og leysa þrautir með hjálp stærðfræðinnar og leggja mat á eigin lausnaleiðir og annarra,
- öðlist hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og greina tengsl þeirra,
- öðlist hæfni í að nota tungumál stærðfræðinnar til að ræða um, færa rök fyrir og útskýra eigin tilgáttur og annarra, útreikninga og niðurstöður,
- öðlist hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni.

Hæfni í stærðfræði felst í að hafa ljósan skilning á stærðfræði, geta spurt og svarað með henni og notað tungumál og verkfæri hennar.

Námsefni

Áhersla er á að vinna að markmiðum í stærðfræði með fjölbreyttum leiðum, í gegnum stærðfræðibækur, leik, verklega kennslu, samræður og tengingu stærðfræðinnar við daglegt líf nemenda.

Námsmat

Notast er við fjölbreytt námsmat sem hæfa verkefnum eða námi hverju sinni. Símat, sjálfsmat, hæfni- eða færnimat og leiðsagnarmat. Lagt er upp með að meta alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Náttúrufræði

Náttúrufræði á yngsta stigi er að mestu sampætt öðrum námsgreinum s.s. íslensku og að miklu leyti unnin í þemum.

Námsmarkmið

Markmið að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúrvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru. Nemendur fái tækifæri til að taka afstöðu til verndunar og nýtingar náttúruauðlinda og sjálfbærrar þróunar. Rökræða álitamál sem varða umgengni við náttúruna, tækni og nýjustu vísindi. Þannig eflist þekking og skilningur nemenda á grundvallarmarkmiðum sjálfbærrar þróunar, ásamt vilja til að starfa í anda þeirra.

Námsvíðir Heiðarskóla

Skólinn er skóli á Grænni grein og tengjast markmið náttúrufræði við vinnu í grænfánaverkefnum.

Námsefni og leiðir

Bókaflokkurinn milli himins og jarðar, Komdu og skoðaðu landakort/líkamann/himingeiminn/hringrásir, Byrjendalæsisbækur, Halló heimur, fjöruferð, skógarferð, gönguferðir, gróðursetning: kartöflur og tré, þema í grænfánaverkefnum, survivor dagur í Fannahlíð og dagur íslenskrar náttúru í Álfholtsskógi.

Námsmat

Notast er við fjölbreytt námsmat sem hæfa verkefnum eða námi hverju sinni. Símat, sjálfsmat, hæfni- eða færnimat og leiðsagnarmat. Lagt er upp með að meta alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Samfélagsfræði

Samfélagsfræði er að mestu samþætt öðrum námsgreinum og unnin í þemum.

Námsmarkmið

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótað af rökum. Kennsla í samfélagsgreinum á að miða að því að nemendur geti leyst hlutverk sitt sem þátttakendur í flóknu samspili mórandi sviða tilverunnar á skapandi hátt. Nemendur skulu fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessum sviðum, hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinahópinn, skólann, nærsamfélagið eða samfélagið í víðara samhengi. Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér réttsýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild. Sem dæmi má nefna er mikilvægt að nemendur verði ábyrgir fyrir eigin fjármálum og verði jafnframt gagnrýnir neytendur og læsir á þau tilboð sem sett eru fram með ýmsum hætti.

Námsefni

Uppbyggingarstefnan, bekkjasáttmáli, bekkjafundir, samskipti, Fordómar og þróongsýni, Komdu og skoðaðu sögu mannkyns, Margbreytileiki og hnattrænt jafnrétti, heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, Barnasáttmálinn, Halló heimur, Byrjendalæsisbækur.

Námsmat

Notast er við fjölbreytt námsmat sem hæfa verkefnum eða námi hverju sinni. Símat, sjálfsmat, hæfni- eða færnimat og leiðsagnarmat. Lagt er upp með að meta alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Lífsleikni

Tilheyrir undir samfélagsfræði

Námsmarkmið:

Markmið lífsleikni er að styrkja á skapandi hátt áræði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og sjálfsmynnd nemenda þegar þeir standa frammi fyrir stórum spurningum sem varða reynsluheim, hugarheim og félagsheim þeirra. Unnið er með hæfni nemenda til að geta borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju, sáttfýsi og að geta sett sig í spor annara. Að nemendur geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa, gilda fyrir sjálfan sig og eru efldir í því að gera sér grein fyrir hvar styrkur þeirra liggur. Nemendur eru efldir í tilfinningalæsi og unnið er að því að nemendur geti áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. Auk þess er unnið að því að nemendur geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti og geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf þeirra. Nemendur eru styrktir í að setja sér markmið og gera áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.

Námsefni:

Vinir Zippý, Iðnir krakkar, Spor 1 -4, Verum vinir, Fjársjóðsleitin, Hugarfrelsi,

Námsmat:

Símat, verkefni og vinnusemi í tímum

Skólaíþróttir

Íþróttir og sund

Íþróttakennslan í 1 – 4. bekk í Heiðarskóla fer fram í tveimur aldursskiptum námshópum, þ.e. 1. – 2. bekkur og 3. – 4. bekkur saman. Nemendur fara 2 kennslustundir á viku í íþróttir. Sundkennslan fer fram í þremur námshópum, þ.e. 1. bekkur, 2. bekkjar, 3. og 4. bekkur.

Námsmarkmið:

Að nemendur:

- þjálfist í grunnhreyfingum, s.s. að hlaupa, hoppa, kasta og grípa.
- taki þátt í leikjum og leikrænum æfingum.
- þjálfist í ýmsum æfingum með áhöld, t.d. sippubönd, bolta o.fl.
- eflí í gegnum leiki og æfingar líkamshreysti og þrek.
- eflí skynfæri líkamans og samspil þeirra við hreyfingu.
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar.
- tileinki sér helstu samskiptareglur og virði leikreglur.
- læri að sýna öðrum umburðalyndi og virðingu.
- kynnist helstu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Íslandi.
- fái útrás fyrir hreyfibörf sína.

Námsefni/námsleiðir:

Kennsla fer fram í gegnum ýmsar æfingar og leiki, þar sem ýmist er unnið í einstaklings- og/eða hópæfingum. Haust og vor eru góðir dagar nýttir til útináms í umhverfi skólans, en yfir kaldasta tímann er kennt í íþróttasal Heiðaborgar.

Meðal viðfangsefna í íþróttatímum eru stöðvabjálfun, leikir úti/inni, þol - og þrekæfingar, boltaæfingar/leikir, skotboltaleikir, styrktaræfingar, samvinnuleikir, ýmsar íþróttagreinar – grunnatriði reglna og spil. Þá er tekið hreyfibroskaprót hjá öllum nemendum 1. bekkjar.

Sundkennsla fer fram allan veturinn. 1. bekkur fær 2 kennslustundir á viku, þar sem annar tíminn er að mestu notaður fyrir vatnsaðlögun og leiki, en hinn fyrir markvissa kennslu í grunnatriðum sundaðferða. 2. bekkur og 3. og 4. bekkur fá eina kennslustund á viku þar sem áfram er unnið með vatnsaðlögun og grunnfærni sundaðferða.

Námsmat:

Símat, leiðsagnarmat í desember/janúar og lokamat að vori, sem tekur mið af virkni í tímum, færni, viðhorfi og hegðun. Gefin er umsögn.

Upplýsinga- og tæknimennt

Upplýsinga- og tæknimennt er bæði kennd sem sérstök kennslugrein en að mestu samþætt öðrum námsgreinum.

Námsmarkmið:

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi.

Námsefni:

Frá skólabyrjun er nemendum kennt að nota bókasafn og leita að upplýsingum á ýmsu formi. Notast er við tölvur (spjaldtölvur og fartölvur) í náminu bæði til stuðnings

Námsvíðir Heiðarskóla

við annað námsefni og einnig kennd sérstök tæknifærni. Lögð er áhersla á að nemendur læri að nýta upplýsingatækni sér til gagns og ánægju. Áhersla er á að nemendur læri að nýta tæknina til skapandi skila í námi.

Námsmat:

Notast er við fjölbreytt námsmat sem hæfa verkefnum eða námi hverju sinni. Símat, sjálfsmat, hæfni- eða færnimat og leiðsagnarmat. Lagt er upp með að meta alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Enska

Námsmarkmið

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum.

Námsefni

Yes we can verkefnahefti, hlustunarefni og aukaefni frá kennara.

Námsmat

Notast er við fjölbreytt námsmat sem hæfa verkefnum eða námi hverju sinni. Símat, sjálfsmat, hæfni- eða færnimat og leiðsagnarmat. Lagt er upp með að meta alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Listgreinar

Myndmennt

Námsmarkmið:

- Áhersla á form- litafræði og myndbyggingu.
- Vinnum með áhrif lita, stærðir/hlutföll, kyrrð/hreyfingu með t.d. munsturgerð, þrykk og mótn.

Námsvíðir Heiðarskóla

- þróa verkefni frá hugmynd til afurðar, nota mismunandi efni, verkfæri og tækni í eigin sköpun.
- Kynnast íslenskum listamönnum og mismunandi listastílum.
- Læra ábyrga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Námsefni:

Myndmennt 1 og 2 og veraldarvefurinn. Efni og áhöld í myndmenntastofunni.

Verkefni unnin með hliðsjón af markmiðum aðalnámskrá grunnskóla.

Námsmat:

Símat í tímum. Áhugi, vandvirkni, frágang og hegðun.

Verkgreinar

Hönnun og smíði

Námsmarkmið:

- Vinna verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Draga einfalda skissu með tvívíðri teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Læra á helstu verkfæri og tækni í smíðastofunni eins og að mæla, saga, þússa, negla, líma, mála og nota brennipenna.
- Kynnast helstu smíðaefnunum og læra góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Læra ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Námsefni:

Bækur um hönnun og smíði og veraldarvefurinn.

Verkfæri og smíðaefni sem nemandinn notar í smíðastofunni.

Námsmat:

Símat í tímum. Vinnusemi, að sýna góða framkomu og umgengi.

